

Alþingi
Erindi nr. P 130/1549
komudagur: 28. 3. 2004

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisnefnd Alþingis
b.t. Evu M. Ævarsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. mars 2004

Sam 127/2004 PS/sp
Tilv.: 051

Efni: Frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 19. mars var lagt fram bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 2. mars 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 594. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 594. mál.

Samkvæmt ákvæði b. liðar 10. gr. er óheimilt að koma nær arnarhreiðrum en 500 metra á tímabilinu 15. mars til 15 ágúst nema brýna nauðsyn beri til svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma.

Umrætt friðhelgað svæði er samtals 785.375 fermetrar eða 78,5 hektarar við hvert hreiður. Hér er því um stórt landsvæði að ræða þar sem athafnafrelsi sveitarfélaga er verulega skert. Mannvirkjagerð, svo sem vegagerð og uppsetning og viðhald girðinga gæti t.d. verið torveld vegna þessa stranga ákvæðis. Ljóst er þó að flest hreiður eru vel utan mannabyggða en þar sem staðsetning þeirra er trúnaðarmál er ógjörningur að gera sér grein fyrir hvaða afleiðingar þessi friðun hefur í för með sér.


Einnig vakna ýmsar spurningar er tengjast ákvæðum frumvarpsins svo sem hvernig hlutaðeigandi aðilar geti vitað í hve mikilli fjarlægð frá arnarhreiðri þeir eru þegar hreiðurstæðið er trúnaðarmál. Erfitt er að átta sig á því hvernig sveitarfélög geti komið í veg fyrir að starfsemi eða framkvæmd eigi sér ekki stað innan bannsvæðis. Þá er ekki gert ráð fyrir því í frumvarpinu að ernirnir geti búið sér til ný hreiður. Ernir eru þó að líkindum ekki mjög nýjungagjarnir í þeim efnum en ekki er hægt að útiloka nýja hreiðurgerð. Þá er heldur ekki hægt að útiloka breytt hegðunarmynstur arna hvað hreiðurstæðingar varðar. Sú staða gæti því komið upp að ernir byggi nýtt hreiður of nálægt mannvirkjum eða athafnasvæði manna og nauðsynlegt að taka á því í frumvarpinu.

Samkvæmt frumvarpinu getur umhverfisráðherra veitt ýmsar undanþágur frá banni skv. 1. og 3. mgr. b.-liðar 10. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi getur ráðherrann veitt undanþágur frá 1. mgr. í sérstökum tilvikum að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í öðru lagi getur ráðherrann veitt undanþágu frá 1. og 3. mgr. að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands ef miklar líkur eru á að forn hreiðurstæði verði ekki nýtt aftur vegna breyttra aðstæðna, t.d. nálægðar við umferðarmannvirki. Í þriðja lagi getur ráðherrann veitt undanþágu frá 1. mgr. að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands svo sem vegna myndatöku og rannsókna.

Ekki er því gert ráð fyrir nokkrum undanþágumöguleikum vegna hagsmuna sveitarfélaga, hvorki sem stjórnvalda né landeigenda. Stjórnin telur nauðsynlegt að mögulegt sé að veita undanþágu bæði frá 1. og 3. mgr. vegna framangreindra hagsmuna sveitarfélaga. Slíkar undanþágur ætti þó einungis að veita í undantekningartilfellum enda er sveitarfélögunum einnig umhugað um vernd arnarstofnsins. Undanþágu yrði að byggja á vel rökstuddri beiðni viðkomandi sveitarfélags og á heildstæðu hagsmunamati.

Stjórnin leggur því til að eftirfarandi ákvæði verði bætt við 10. gr. frumvarpsins:
„Umhverfiráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 3. mgr. samkvæmt
rökstuddri beiðni sveitarstjórnar.“

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 19. mars 2004.



Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri